


Síða 1 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun EVRÓ2BE05	

Kennari: Kristín Luise Kötterheinrich	Netfang: kristin@fva.is
---------------------------------------	-------------------------

Námsgögn:

Efni frá kennara, vefsíður, e.t.v. smáforrit o.s.frv.

Lýsing:

Berlín - höfuðborg sameinaðs Þýskalands og vettvangur heimssögulegra atburða sérstaklega á 20.öldinni. Hvernig og hvenær varð Berlín til? Hvaða áhrif hafði síðari heimsstyrjöldin á Berlín? Hvað gerðist á árið 1961? Hvernig var lífið í Berlín á árunum 1961-1989? En á árunum 1989-1990? Hvernig er Berlín í dag? Hvað er t.d. Brandenburger Tor, Berliner Mauer, Potsdamer Platz, Holocaust Mahnmal, Goldelse, Reichstagsgebäude, Ku'damm, Gedächtniskirche, Museumsinsel og KaDeWe? Hvaða söfn eru spennandi? Hvernig er mannlífið? Hvaða borgarhlutar eru spennandi? Hvernig er best að komast á milli staða í Berlín? Þetta og margt, margt fleira verður til umfjöllunar því Berlín býður upp á svo margt.

Áfanginn er ætlaður þeim sem hafa áhuga á að fara í sögu-, menningar- og námsferð til Berlínar. Nemendur kynna sér sögu Berlínarborgar, áhugaverða staði og annað sem vert er að skoða, upplifa og gera í Berlín og undirbúa þannig með aðstoð kennara stutt ferðalag til Berlínar. Nemendur vinna ýmis verkefni tengd Berlín fyrir ferðina, í ferðinni og eftir að heim er komið. Einnig æfa nemendur sig í hagnýtu talmáli sem felst að mestu í upprifjun á orðaforða og málnotkun með áherslu á dagleg samskipti og nemendur vinna nokkur talverkefni í tengslum við þetta.

Markmið (þekking, leikni, hæfni):

Þekking


Nemandi skal hafa öðlast þekkingu og skilning á:

- staðhátum, (fjöl)menningu og mannlífi í Berlín
- sögu Berlínarborgar með sérstakri áherslu á tímann eftir 1945
- þeim orðaforða sem nauðsynlegur er til að takast á við mismuandi aðstæðu í þýskumælandi borg.

Leikni

Nemandi skal hafa öðlast leikni í að:

- rata í Berlín og nota almenningsamgöngur borgarinnar

	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun EVRÓ2BE05	
Síða 2 í 4		

- tjá sig og bjarga sér á þýsku í mismunandi aðstæðum og leysa úr málum sem upp geta komið
- afla sér hagnýtra upplýsinga og vinna úr þeim á mismunandi hátt

Færni

Nemandi skal geta hagnýtt þá almennu þekkingu og leikni sem hann hefur aflað sér til að:

- skilja sögu Berlínar
- fá innsýn í menningu og mannlíf í Berlín
- þekkja til og rata í Berlín, geta jafnvel séð um stutt ferðalag þangað með vinum og vandamönnum
- meta eigið vinnuframlag og annarra og bera ábyrgð á eigin námi
- bjarga sér á þýsku við ýmsar aðstæður
- tileinka sér jákvætt viðhorf til þýsku og Þýskalands

Námsmat:

Áfanginn er próflaus en lokaeinkunn byggir á eftirfarandi:

Ýmis verkefni: 30%

Hópverkefni: 10%


Lokaverkefni: 25%

Raunmæting, ástundun, virkni í tímum, þátttaka í skipulagðri dagskrá í Berlín: 35%

Ýmis verkefni: Verkefni unnin bæði í aðdraganda ferðar, í ferðinni og eftir að heim er komið – geta verið bæði verkefni unnin í einstaklings- og paravinnu

Hópverkefni: Unnið í snemma á önninni þar sem þið leysið verkefni um Berlín í 3-4 manna hópum. Enginn hópur fær sama verkefni. Niðurstaða verkefnavinnu er kynnt og rædd í kennslustundum.

Lokaverkefni: Verkefnislýsing rædd í kennslustundum og sett á Innu þegar nær dregur.

Síða 3 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun EVRÓ2BE05	

Aðrar mikilvægar upplýsingar:

Áhersla er lögð á að nemendur beri ábyrgð á eigin námi og sýni sjálfstæð vinnubrögð, frumkvæði og skapandi hugsun. Lögð er áhersla á samvinnu nemenda í verkefnavinnu. Mikil áhersla er lögð á virkni nemenda, vönduð vinnubrögð og verkefnaskil eins eru gerðar strangar kröfur um mætingu.


Stór hluti af kennslu áfangans fer fram í Berlín og vinna nemendur nokkur verkefni á meðan á dvölinni stendur. Í Berlín verða heimsóttir margir af þekktustu stöðum borgarinnar, söfn o.fl. undir leiðsögn kennara. Þegar heim er komið verður unnið úr ferðinni og nemendur skila lokaverkefni.

Nemendum ber að fylgjast með tilkynningum á INNU. Nemendum með frávík frá skólasóknarreglu og árekstrarheimild er sérstaklega bent á þetta – sömu dagsetningar gilda fyrir alla nemendur.

Nemendur skulu virða skilafresti verkefna. Aldrei er hægt að skila verkefnum til kennara eftir að aðrir nemendur hafa fengið þau til baka. Ekki er hægt að vinna upp verkefni annarinnar í annarlok.

Tölvur og símar eru einungis leyfð í kennslustundum til að leysa verkefni og skulu ekki sjást uppi á borðum ef ekki er verið að nota þau til slíks. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búið við að fá fjarvistarstig.

Sjá nánar um notkun snjalltækja í skólanámsskrá FVA. Nemendur eiga ekki að rápa inn og út úr kennslustundum. Nemendur sem ekki virða þessa reglu geta búið við að fá fjarvistarstig

Síða 4 í 4	Fjölbrautaskóli Vesturlands	
	Námsáætlun EVRÓ2BE05	

Vika	Dags.	Námsþættir	Námsmats- þættir
1	20.8-24.8	Berlín – fyrstu kynni	
2	27.8-31.8	Berlín – fyrstu kynni, nokkrar staðreyndir	
3	3.9-7.9	Berlín, Berlín (hópaVinna)	
4	10.9-14.9	Berlin, Berlin (hópaVinna)	
5	17.9-21.9	Berlín - saga	
6	24.9-28.9	Berlín - saga	
7	1.10-5.10	Berlin – styttest í brottför,	
8	8.10-12.10	Berlin – styttest í brottför	
9	14.10-18.10	Berlin – ferðin sjálf	
10	22.10-26.10	Berlin – hvernig var?	
11	29.10-2.11	Berlin – unnið úr ferð	
12	5.11-9.11	Berlin – e.t.v. kvikmynd	
13	12.11-16.11	Berlin - lokaverkefni	
14	19.11-23.11	Berlin - lokaverkefni	
15	26.11-30.11		
16	3.12-7.12		
17	10.12-14.12		
18	17.12-18.12		
19			

Tímaáætlun er sett fram með fyrirvara um nauðsynlegar breytingar.